

628. fundur haldinn miðvikudaginn 23. maí 2001 kl. 11:30
Gimli, Lækjargata 3 Reykjavík

Mættir:

Tómas Ingi Olrich, formaður
Ísólfur Gylfi Pálmason, varaformaður
Pétur Rafnsson, fulltrúi Ferðamálasamtaka Íslands
Helgi Pétursson, fulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Þórunn Gestsdóttir, varafulltrúi Sambands ísl. sveitarfélaga
Magnús Oddsson, ferðamálastjóri

Áður en gengið var til dagskrár bauð formaður Ísólf Gylfa Pálmason nýskipaðan varaformann sérstaklega velkominn, en hann var skipaður í stað Jóns Kristjánssonar, sem hefur verið skipaður ráðherra heilbrigðis- og tryggingarmála.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Afgreiðsla: Samþykkt með breytingum

2. Málefni Upplýsingamiðstöðvar ferðamála.

Fyrir ráðinu lá að tilnefna nýjan fulltrúa í stjórn í stað Jóns Kristjánssonar. Fram kom að viðraðar hafa verið hugmyndir um breytt fyrirkomulag á upplýsingamiðlun í Reykjavík og hugsanlega breytta aðkomu Ferðamálaráðs að þeirri upplýsingamiðlun. Ræddar hafa verið hugmyndir um að færa fyrirkomulagið nær því sem er á öðrum stöðum, þar sem Ferðamálaráð á aðild að hliðstæðum rekstri.

Afgreiðsla: Samþykkt að tilnefna Ísólf Gylfa Pálmason í stjórn. Þá var samþykkt að segja upp samningi um rekstur upplýsingamiðstöðvarinnar svo svigrúm gæfist til endurskoðunar.

3. Ferðamálaráðstefna 2001.

Afgreiðsla: Samþykkt að halda ferðamálaráðstefnu 2001 á Hvolsvelli 11. október og að meginumræðuefnið yrði: Menningartengd ferðaþjónusta.

4. Starfsemi Ferðamálaráðs á Norðurlöndum og á Bretlandi.

Í framhaldi af uppsögn Flugleiða á samningi um þjónustu á viðkomandi stöðum hefur verið leitað eftir fjármagni á fjárlögum ársins 2002 til að sinna umræddu verkefni. Nokkrar umræður urðu um með hvaða hætti viðkomandi málum yrði fyrirkomið eftir að samningurinn fellur úr gildi.

Afgreiðsla: Samþykkt að óska eftir því við Flugleiðir að umræddri þjónustu verði framhaldið til áramóta. Þá var samþykkt að gengið yrði út frá opnun skrifstofu í Kaupmannahöfn, en á Bretlandi yrði svörun fyrirspurna flutt til Íslands, en önnur kynningarstarfsemi, fjölmiðaltengsl, tengsl við söluaðila, umsjón með sýningum o.fl. yrði í höndum kynningarfyrirtækis.

5. Fjárframlög til upplýsingamiðstöðva á landsbyggðinni.

Lögð fram tillaga Péturs Rafssonar um óbreytt framlög miðað við árið 2000.

Afgreiðsla: Samþykkt.

6. Önnur mál.

a) Pétur Rafnsson lagði fram mótmæli við ákvörðun Markaðsráðs að sérstakt gjald yrði nú innheimt fyrir skráningu í Handbók. Nokkrar umræður urðu um málið og að þeim loknum var það staðfest sem skilningur Ferðamálaráðs að áfram yrði Handbókin með hliðstæðum upplýsingum og fyrr aðgengileg á upplýsingamiðstöðum og á vefsíðum ráðsins án greiðslu.

b) Lagt var fram bréf frá skólameistara MK, þar sem óskað er eftir að þrátt fyrir lagabreytingu hvað varðar leiðsögunám verði skírteini leiðsögumanna áfram gefin út af Ferðamálaráði. Samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 13:15